

**Fundargerð**  
**363. fundar framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,**  
**haldinn 24. janúar 2019, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.**

**Fundinn sátu:**

Sandra B Franks, formaður  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður  
Jóhanna Traustadóttir, ritari  
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

**Fundarritun:**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

**Dagskrá**

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Bókun 8 – næstu skref
4. Tilnefning SLFÍ í nefndir á vegum BSRB
5. Kjaramál, undirbúningur fyrir kjaraviðræður
  - Laungreining
  - Mannaflaspá
6. Stofnun samráðsvettvangs um mönnunarmál
7. Félagsstjórnarfundur 13. febrúar, drög að dagskrá
8. Trúnaðarmannaráðsfundur 14. febrúar, drög að dagskrá
9. Lögfræðileg málefni
  - Hýrudráttardómurinn
  - Launaskriðstrygging
10. Verkið – nemaleppni í mars 2019

**Önnur mál**

**Fundargerð**

1. **Fundur settur**  
Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fyrsta fund framkvæmdastjórnar á þessu ári.
2. **Fundargerð síðasta fundar**  
Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.
3. **Bókun 8 – næstu skref**  
SBF fór yfir að enn væri unnið að því að ná sameiginlegri niðurstöðu aðila að bókun 8. Illa hefur gengið að ná sameiginlegum sjónarmiðum aðila um nýtingu fjárins, en lagt er til að gerð verði lokaatlaga að því, en málið endurskoðað frá grunni og í samráði við stjórnir félagsins ef svo fer fram sem horfir.

#### **4. Tilnefningar SLFÍ í nefndir á vegum BSRB**

SBF gerði grein fyrir að óskað hafi verið eftir fulltrúum frá SLFÍ í starfsnefndir hjá BSRB. Farið var yfir tilnefningarnar og ákveðið að kanna hvort hægt sé að vera með áheyrnarfulltrúa eða varamenn í ákveðnum nefndum. Tillögurnar um fulltrúana voru samþykktar.

#### **5. Kjaramál, undirbúningur fyrir kjaraviðræður**

Farið var yfir að búið væri að ganga frá viðræðuáætlun við Reykjavíkurborg, en gerðar voru athugasemdir við drögin að viðræðuáætlun SFV, þ.s. þar var gert ráð fyrir að ræða saman 2 vikum eftir að samið hafði verið við ríkið og mun þeirri viðræðuáætlun verða breytt. Ríkinu og SNS hefur verið send hvatning um að senda drög að viðræðuáætlun þ.s. hún á að liggja fyrir með a.m.k. 10 vikna fyrirvara og sendast á ríkissáttasemjara.

Í undirbúningi eru fundir með félagsmönnum víðsvegar um landið þ.s. farið verður yfir væntingar, kröfur og helstu áhersluatriði í komandi kjaraviðræðum. Reiknað er með að farið verði af stað í byrjun mars og verða fundir skipulagðir í samráði við formenn deilda og trúnaðarmenn.

SBF fór yfir að hugmynd væri um að fara í spurningakönnun varðandi kjaramál o.fl. hjá sjúkraliðum með fyrirtæki sem heitir Zenter og Gunnar Gunnarsson hagfræðingur mun taka saman helstu tölur/gögn, sem varða starfskjör sjúkraliða og mannaflaspá fyrir heilbrigðisstéttir og inn í það getum búið til svokallað mælaborð.

#### **6. Stofnun samráðsvettvangs um mönnunarmál heilbrigðisstétta**

SBF fór yfir að hún hafi lagt til við heilbrigðisráðherra að komið yrði á fót samráðsvettvangi sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga sem ynni í samstarfi við ráðuneytið að lausn á mönnunarvanda þessara stétta. Ráðherra hefur tekið mjög vel í erindið og boðað til fundar þann 29. janúar og bætt við í þessa samvinnu ljósmæðrum.

#### **7. Félagsstjórnarfundur þann 13. febrúar n.k.**

Farið var yfir drög að dagskránni og hún rædd og uppfærð. Farið var yfir að gott væri að senda áminningu á formenn deilda um upplýsingar um fulltrúa deildanna á þingið.

#### **8. Trúnaðarmannaráðsfundur 14. febrúar n.k.**

Farið var yfir drög að dagskrá trúnaðarmannaráðs og hún samþykkt.

Einnig var rætt um væntanlega greiðslu til trúnaðarmanna félagsins og hverjir féllu undir það. Málið rætt og ákveðnar breytingar gerðar.

#### **9. Lögfræðileg málefni**

GÖG og SBF gerðu grein fyrir þeim málum sem eru í vinnslu hjá lögmanni félagsins. Fram kom að lögmaður félagsins er búinn að senda erindi á starfsmannaskrifstofu fjármálaráðuneytisins þ.s. farið er fram á að hýrudrátturinn verði leiðréttur/greiddur. Ekkert svar hefur borist enn.

Stefna fyrir Félagsdóm vegna verkfallslista LSH á síðasta ári átti að vera klár í síðustu viku, en það hefur dregist.

Málflutningur fór fram 21. janúar í Félagsdómi vegna launaskriðstryggingarkröfu SLFÍ, en ríkislögmaður krafðist frávísunar í málinu, sem byggir á að málið eigi ekki undir Félagsdóm. Ekki liggur fyrir hvenær afstaða félagsdómara verður klár varðandi frávísunina.

## **10. Verkiðn – nemaleppni í mars 2019**

Rætt var um þátttöku sjúkraliðanema í Verkiðn-keppninni 2019. Staðan er sú að illa gengur að fá nemendur með í keppnina sama til hvaða skóla er litið. Málið rætt og ákveðið að ekki verði keppt á þessu ári, en góð kynning verði á sýningunni og athugað verði með að taka þátt í næstu keppni.

### **Önnur mál**

Engin önnur mál

Fundi slitið kl. 18.00